



# Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Jónas R. Sigfússon  
Sólvallagötu 25  
101 Reykjavík

Tilv. vor: 430-91/752

Dags: 13.08.1992.

## MÁL:

Andmæli Jónasar R. Sigfússonar, Sólvallagötu 25, 101 Reykjavík,

gegn

skráningu vörumerkisins Ferðamálaskóli Íslands, (orð- og myndmerki), sbr. umsókn nr. 752/1991, frá Ferðamálaskóla Íslands, Menntaskólanum í Kópavogi, v. Digranesveg, 200 Kópavogur.

## ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA:

### Málsatvik:

Þann 28.08.1991 tilkynnti Birna Bjarnleifsdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, v. Digranesveg, Kópavogi, vörumerkið FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS (orð- og myndmerki) til skráningar fyrir hönd Ferðamálaskóla Íslands, Menntaskólanum í Kópavogi. Óskað var skráningar fyrir þjónustu í flokki nr. 41. Vörumerkið var auglýst í 11. tbl. Vörumerkjatíðinda 1991.

Með bréfi dags. 07.01.1992 andmælti Jónas R. Sigfússon, f.h. Ferðamálaskóla Íslands, Höfðabakka 9, 112 Reykjavík, skráningu vörumerkisins Ferðamálaskóli Íslands skv. umsókn nr. 752/1991. Í andmælum er vísað til 30. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, 3. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og 7. gr. sömu laga. Síðan segir orðrétt: „Ferðamálaskóli Íslands hefur frá

# Einkaleyfastofan

upphafi auglýst undir heitinu Ferðamálaskóli Íslands. Ferðamálaskóli Íslands v/Digranesveg auglýsir undir sama nafni og er þá að nota, í **heimildarleysi**, nafn annars firma og er að auki stórlega að villa á sér heimildir því nám við Ferðamálaskóla Íslands hf. er starfsnám sem veitir viðurkennd alþjóðleg starfsréttindi.“

Andmælin voru gerð tilkynnanda kunnug með bréfi dags. 16.01.1992 og var honum gefinn kostur á að leggja fram greinargerð. Hinn 18.05.1992 var frestur sá er tilkynnanda var veittur til að leggja fram greinargerð framlengdur til 15.06.1992. Þar sem engin greinargerð barst frá tilkynnanda fyrir þann tíma var honum sent bréf þann 18.06.1992, þar sem honum var tilkynnt að ofangreint andmælamál yrði tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Þann 26.06.1992. barst Einkaleyfastofunni greinargerð frá tilkynnanda. Var honum tjáð að ekki yrði unnt að líta á hana sem málsskjal þar sem hún teldist of seint fram komin.

## NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu merkisins FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS (orð- og myndmerki) fyrir fræðslu- og skemmtistarfsemi í flokki 41 skv. umsókn nr. 752/1991 með vísan til firmanafns andmælanda, Tölvuskóli Íslands, Stjórnartækniskóli Íslands og Ferðamálaskóli Íslands, sem skráð er í hlutafélagaskrá.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki er það skilyrði skráningar vörumerkis að merki sé til þess fallið að greina vörur eða þjónustu merkiseiganda frá vörum eða þjónustu annarra. „Merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd skal eigi telja nægjanlegt sérkenni.“ Lýsing þjónustu með almennum orðum, er ekki fallin til að sérgreina þjónustuna í hugum manna, né heldur þykir rétt að veita einkarétt á notkun slíkra almennra heita. Vörumerkjaskrárritara er ekki heimilt að veita einum aðila einkarétt á að nota slík merki.

Í texta vörumerkisins FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS (orð- og myndmerki), skv. umsókn nr. 752/1991, felst augljós lýsing á þeirri

# Einkaleyfastofan

Þjónusta er veita á undir vörumerkinu, þ.e. kennslu í ferðamálum. Texti merkisins uppfyllir því ekki kröfur um sérkenni skv. 1. mgr. 13. gr. vörumerkjalaganna.

Vörumerkjaréttur sá, er menn öðlast við skráningu, nær eigi til þeirra hluta merkis, sem eigi er heimilt að skrá eina sér, sbr. 1. mgr. 15. gr. vörumerkjalaga. Með skráningu vörumerkis skv. umsókn nr. 752/1991 öðlast eigandi merkisins því ekki einkarétt á textanum í merkinu, sem ekki uppfyllir kröfur um sérkenni skv. vörumerkjalögunum, heldur einungis útliti merkisins. Á þessum forsendum var vörumerki skv. umsókn nr. 752/1991 samþykkt til birtingar í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum.

Í 2. mgr. 15. gr. vörumerkjalaganna segir: „Nú er í merki eitthvað það, sem nefnt er í 1. mgr., og sérstök ástæða er til að ætla, að skráning merkisins geti valdið vafa um það, hve víðtækur vörumerkjarétturinn er, og má þá við skráninguna undanskilja berum orðum vernd á þeim hlutum merkis.“

Með vísan til ofanritaðs samþykkir vörumerkjaskrárritari skráningu vörumerkisins FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS (orð- og myndmerki), skv. umsókn nr. 752/1991, með eftirfarandi takmörkun: „Skráning merkisins veitir ekki einkarétt á textanum í merkinu.“

## **ÞVÍ ÁKVARÐAST:**

Skráning vörumerkisins FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS (orð- og myndmerki) samkvæmt umsókn nr. 752/1991 er heimiluð með eftirfarandi takmörkun: „Skráning merkisins veitir ekki einkarétt á textanum í merkinu“.

---

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

# Einkaleyfastofan

Afrit sent;  
Ferðamálaskóla Íslands  
Menntaskólanum í Kópavogi  
v. Digranesveg  
200 Kópavogur